

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Búðarhálsvirkjun.

Í breytingunni felst að skipulagssvæðinu er breytt og sá hluti þess sem náði yfir Hrauneyjafossstöð er felldur út. Þrjár námur sem komnar eru undir Sporðöldulón eru felldar út. Engar nýjar framkvæmdir eða mannvirki verða heimiluð. Samhliða deiliskipulagsbreytingunni er unnið deiliskipulag fyrir Hrauneyjafossstöð. Breytt afmörkun skipulagssvæðisins er 7.543 ha. Samþykkt í hreppsnefnd 17. maí 2023.

Deiliskipulag, Hrauneyjafossstöð og leitarmannahús Þóristungum.

Deiliskipulagið tekur til Hrauneyjafossstöðvar og leitarmannahúss að Þóristungum. Deiliskipulagið snýst m.a. um að staðfesta núverandi landnotkun á svæðinu. Uppsett afl Hrauneyjafossstöðvar er allt að 210 MW og verður heimilt að stækka hana í 240 MW. Ef farið verður í þær framkvæmdir munu þær einungis felast í endurbótum á núverandi vélum og verða innanhúss. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og eru settir skilmálar í tengslum við hana. Þá voru fornminjar skráðar. Auk þess er fjallað um Þóristungur, L229271. Á staðnum er skáli og hesthús, gisting er fyrir 14 gesti. Mannvirki eru nýtt sem leitarmannahús og í langtímaleigu, einkum til veiðimanna. Heimilt er að byggja eitt hús til viðbótar og vera með gistingu fyrir allt að 40 gesti. Þóristungur er fjallasel skv. aðalskipulagi. Skipulagssvæðið er tvískipt og er um 173 ha að stærð.

Samþykkt í hreppsnefnd 20. september 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 31. janúar 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 14. febrúar 2024